

Þorsteinn Pálsson

„Það blésu ferskir vindar á landsfundinum og það er ekki nema von að stjórnarflokkarnir og talsmenn þeirra hafi nokkrar áhyggjur eins og málum er komið.“

sem til ó heilla horfa undir þessari ríkisstjórn. Hitt er öllu alvarlegra að ýmsum þeim málum, sem snerta framtíðarhagsmuni Íslands, er nú stefnt í mikla tvísýnu. Þetta á ekki hvað síst við um afstöðu Íslands til efnahagssamvinnu Norðurlandanna og annarra Evrópuríkja og afstöðuna til Evrópubandalagsins.

Afturhaldið króar Alþýðuflokkinn af

Í þessum efnum hafa sjálfstæðismenn markað skýra afstöðu. Við viljum með ótvíræðum hætti og án nokkurra fyrirvara taka fullan þátt í efnahagssamvinnu Norðurlandaþjóðanna. Það þýðir að við viljum á næstu þremur árum skipa okkar löggjöf í gjaldeyris- og viðskiptamálum á þann veg að hún samrýmist þessu alþjóðlega samstarfi. Núverandi ríkisstjórn hefur gert mjög ákveðna fyrirvara um þátttöku í efnahagssamstarfi Norðurlandaþjóðanna. Það er ljósasti votturinn um afturhaldið sem ræður ríkjum í þessum efnum innan dyra í stjórnarherbúðunum.

Þá er það ótvírætt stefna Sjálfstæðisflokksins að Ísland eigi að taka fullan þátt og án fyrirvara í viðræðum Fríverslunarbandalagsríkjanna við Evrópubandalagið. Full ástæða er til þess að láta á það reyna í þessum viðræðum hvort þessi ríki geti sameiginlega náð viðunandi tengslum við Evrópubandalagið og þar með þátttöku í innri markaði þess. En einnig um þetta hefur ríkisstjórnin fyrirvara.

Eins og sakir standa er ekki ástæða fyrir Ísland að huga að aðildarumsókn að Evrópubandalaginu. En við eigum auðvitað að vera opnir fyrir því á síðari stigum þegar viðræður Fríverslunarbandalagsins og Evrópubandalagsins er lokið, og með hliðsjón af því hvernig þeim lyktar, að sækja um aðild og láta þá á það reyna hvort hún er möguleg með þeim skilyrðum sem við hljótum óhjákvæmilega að setja vegna sérstöðu okkar. Þar koma auðvitað til yfirráðin yfir fiskveiðilandhelginni sem við gefum aldrei eftir og nauðsyn okkar sem smáþjóðar að standa sérstakan vörð um menningu okkar og tungu.

Ljóst er að Alþýðubandalagið er í grundvallaratriðum andvígt alþjóðlegri efnahagssamvinnu af þessu tagi. Ráðandi öfl í Framsóknarflokknum eru einnig með mikla fyrirvara í þessum efnum. Svo virðist sem formaður Framsóknarflokksins fari um þessar mundir í einu og öllu eftir því sem Páll Pétursson, gamli Möðruvellingurinn, hefur að segja um alþjóðlegt samstarf. Á hinn bóginn hefur Halldór Ásgrímsson lýst frjálslyndum viðhorfum að því er varðar samskipti okkar við Evrópubandalagið. Ágreiningurinn innan Framsóknar í þessum efnum hefur verið staðfestur.

Alþýðuflokkurinn er augljóslega lokaður af í þessu stjórnarsamstarfi. Hvort sem Alþýðuflokksmönnum líkar það betur eða verr eru þeir í þessari stöðu neyddir til þess að fylgja afturhaldssjónarmiðum Alþýðubandalagsins og þröngsýnustu öflunum í Framsóknarflokknum. Frjálslyndir menn í Alþýðuflokknum og Framsóknarflokknum hafa eftirlátið afturhaldsöflum að ráða ferðinni í afstöðu Íslands til einhverra mestu og mikilvægustu breytinga í efnahagssamvinnu Evrópuþjóðanna sem um getur. Hér er augljóslega verið að stefna íslenskum hagsmunum í tvísýnu.

Nýjar hugmyndir í kjördæmamálinu

En það er á fleiri sviðum en í efnahagsmálum sem þessi ríkisstjórn virðist vera ófær um að taka á málum sem haft geta áhrif til lengri framtíðar. Í því sambandi má meðal annars nefna breytingar sem nú eru orðnar aðkallandi í stjórnsýslu og eins kjördæmaskipan. Á báðum sviðum er um að tefla grundvallaratriði sem æskilegt væri að ná nokkuð breiðri og traustri samstöðu um.

Á landsfundi sjálfstæðismanna fóru fram all miklar umræður um þessi efni. Þar var varpað fram alveg nýjum hugmyndum um breytingar á kosningalöggjöf og kjördæmaskipan. Þessar hugmyndir byggja á því að hluti þingmanna yrði kjörinn í kjördæmum en annar hluti af landslista.

Með breytingum af þessu tagi mætti ná fram markmiðum um aukinn jöfnuð og meiri festu í stjórnarháttum. Engum vafa er undirorpið að óskir almennings eru nú mjög ótvíræðar um það að gerðar verði breytingar í þá veru sem leitt geti til aukinnar ábyrgðar á alþingi og minni glundroða í fjölflokkaríkisstjórnum.

Þegar sjálfstæðismenn setja fram hugmyndir sem þannig skipta miklu máli um framtíð Íslendinga, hvort heldur er á sviði efnahagssamvinnu við aðrar þjóðir eða stjórnskipunarinnar sjálfrar, hengja andstæðingarnir haus og láta ólundina leka af sér. En hvað sem því líður þá munu ferskir vindar frá landsfundi Sjálfstæðisflokksins feykja þessum hugmyndum inn í stjórnmálaumræðuna og gera þær að veruleika í fyllingu tímans.

Höfundur er formaður Sjálfstæðisflokksins.

Hafnarfjörður:

Bærinn býður 10% ávöxtun skuldabréfa

– sagði Ásmundur Stefánsson á þingi VMSÍ

Í ræðu sinni á þingi Verkamannasambandsins sagði Ásmundur Stefánsson að Hafnarfjarðarbær seldi um þessar mundir skuldabréf og byði 10% ávöxtun umfram verðbólgu. Þorsteinn Steinsson fjármálastjóri Hafnarfjarðarbæjar sagði í samtali við Morgunblaðið að þetta væri ekki rétt, og sér væri alls ekki kunnugt um hvað Ásmundur væri að tala um.

Ásmundur sagði í ræðu sinni að nauðsynlegt væri að taka á öllum lánamarkaðinum, og þá sérstaklega gráa markaðinum, sem vaxið hefði hröðum skrefum með verðbréfaviðskiptum utan bankanna. „Með sama áframhaldi er stutt í það að verðbréfamarkaðirnir og kaupleigurnar verði umsvifameiri en bankarnir. Það er rétt að vekja athygli á því að það eru ekki aðeins óprúttnir braskarar, sem sækja fé á gráa markaðinn. Þannig er Hafnarfjarðarbær um þessar mundir að selja skuldabréf og býður 10% ávöxtun umfram verðbólgu,“ sagði hann.


„Mér er ekki kunnugt um hvað Ásmundur sagði ræðu sinni, en það er alls ekki rétt að við höfum verið að selja skuldabréf með þessum vöxtum. Við höfum hins vegar eins og önnur sveitarfélög og aðrir tekið lán þegar við höfum þurft á þeim að halda, og þá með þeim bestu kjörum sem við höfum náð á markaðnum hverju sinni. Við höfum ekki verið að taka nein lán á okurkjörum, og þess má geta að síðasta lán sem við tókum var með 7,9% vöxtum,“ sagði Þorsteinn Steinsson, fjármálastjóri Hafnarfjarðarbæjar.

Ásmundur Stefánsson forseti Alþýðusambands Íslands:

Stjórnvöld stýri ráðstöfun fiskafla

ÁSMUNDUR Stefánsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sagði í ræðu sem hann hélt við setningu þings Verkamannasambands Íslands, að sér sýndist nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld geri kröfu til þess að fá að stýra ráðstöfun fiskafla, þar sem áherslan á íslenska eignaraðild í sjávarútvegsfyrirtækjum nægði ekki til að tryggja hagsmuni Íslendinga.

I ræðu sinni vék Ásmundur að því að ríkisstjórnin gerði þá kröfu í viðræðum við Efnahagsbandalagið að engar takmarkanir mætti setja á viðskipti með fisk. Þegar hefði verið gert þannig samkomulag við önnur EFTA-lönd, sem tæki gildi á miðju næsta ári, en stutt væri síðan sér hefði orðið ljóst að sú krafa ætti ekki einungis við um unna vöru heldur einnig ferskfiskútflutning. Eina atriðið sem ríkisstjórnin gerði kröfu um til að tryggja ráðstöfun Íslendinga á fiskaflanum væri að fyrirtæki í sjávarútvegi væru í innlendri eign. Hann sagðist geta fullyrt að það eitt að eigendur fyrirtækjanna væru íslenskir ríkisborgarar væri engin trygging fyrir því að ákvarðanir fyrirtækisins miðuðust við íslenska hagsmuni, og þótt hvergi væri um greiðslur undir borðið að ræða, þá gæti það verið hagur útgerðarfyrirtækis að selja allan fisk frá fyrirtækinu óunninn beint til útlanda. Hann sagði að hér væri nauðsynlegt að breyta um stefnu, og íslensk stjórnvöld ættu að gera kröfu um að fá að stýra ráðstöfun aflans, en aðeins þannig væri hægt að ráðstafa honum þannig að hann nýttist best.



Björn Þórhallsson, fráfarandi formaður Landssambands íslenskra verslunarmanna, í ræðustól á 17. þingi sambandsins, sem hófst á Hótel Sögu á föstudag.

Drög að kjaramálaályktun 15. þings VMSÍ:

Kaupmáttarhrap almenns verkafólks verði leiðrétt

Ganga þarf þannig frá málum að þeir sem semji síðar geti ekki í skjóli séraðstöðu knúið fram margfalt meira en láglaunafólk

FJÖRUGAR umræður urðu um kjara- og atvinnumál í gær á fimmtánda þingi Verkamannasambands Íslands, sem nú stendur yfir á Hótel Loftleiðum og ráðgert er að ljúki í dag. Þar komu meðal annars fram áhyggjur manna vegna atvinnuástandsins, hvort hér stefni í viðvarandi atvinnuleysi og hvað sé til úrbóta. Flestir sem til máls tóku lýstu sig fylgjandi orkufrekum iðnaði, þar sem stækkun álversins í Straumsvík yrði fyrsta skrefið, en þær raddir heyrðust einnig að erlend stórfyrirtæki á þessum sviðum ættu ekki erindi til landsins. Þá var lögð rík áhersla á að bæta kaupmáttinn og að þeir samningar sem gerðir yrðu í vetur yrðu verðtryggðir, en mörgum þótti það vanta í drög að kjaramálaályktun þingsins.

að hækka hlutfallslega meira en önnur laun. Hins vegar hefði lítið miðað í þá átt og óheilindi innan verkalýðsstéttarinnar sjálfrar væru aðalástæðan fyrir því.

Björn sagði að menn mættu ekki gleyma skaðabótakröfum Flugleiða á hendur Verslunarmannafélagi Suðurnesja fyrr á þessu ári. „Við skulum ganga þannig frá samningum í framtíðinni að við fáum ekki lögsóknir í bakið á okkur eins og þarna voru á ferðinni.“

Magnús L. Sveinsson, formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur, var kosinn forseti 17. þings LÍV með lófataki. Rétt til setu á þinginu eiga 113 fulltrúar frá 25 félögum og félagsdeildum. Félagar í LÍV voru 14.053 talsins 1. janúar síðastliðinn. Þar af voru konur 9.175 talsins, eða 65,3% félagsmanna.

Í drögunum er varað við þeirri hættu sem blasi við framfærslu heimila vegna rýrnandi kaupmáttar og varað mjög alvarlega við því að núverandi aðstæður í þjóðmálum séu notaðar til áróðursstríðs „sem hafi það markmið að fá fólk til að trúa þeirri blekkingu að kaup verkafólks sé ein aðal orsök þess hvernig komið er fyrir íslenskum þjóðarbúskap.“ Á því hafi borið að atvinnurekendur ætli sér að fara spila þessa gömlu plötu, en meginorsaka þess hvernig sé komið sé að leita hjá atvinnurekendum sjálfum og þá fyrst og fremst í gegndarlausum fjárfestingum sem engar forsendur hafi verið fyrir. Atvinnurekendur geti ekki vænst þess að geta velt ábyrgðinni eða kostnaðinum af eigin stjórnleysi yfir á verkafólk.

Síðan segir: „Það er meginkrafa 15. þings VMSÍ að kaupmáttarhrapið sem orðið er og verður til loka gildandi kjarasamninga verði leiðrétt fyrir allt almennt launafólk. Þingið telur að við gerð næstu kjarasamninga verði að ganga þannig frá málum, að þeir hópar sem á eftir koma, geti ekki í skjóli sérstakrar aðstöðu sinnar knúið fram margfalda ávinninga þess sem láglaunafólk samdi um.“

Ekki er talin ástæða til þess að endurskoða vinnulöggjöfina, en hins vegar sé ekki óeðlilegt að aðilar á vinnumarkaði taki upp viðræður sem gefi tækifæri til þess að skiptast á skoðunum um hana. Kjörorð VMSÍ séu eins og í síðustu kjarasamningum trygging fullrar atvinnu, lífskjarajöfnun og að verðbólgu verði haldið í skefjum. Þá er lögð áhersla á að fjármagnskostnaður verði lækkaður og breytingar gerðar á skattakerfinu sem lækki skatta á eðlilegum framfærslukostnaði, en skattar á hærri tekjur verði auknir.

Verðlagi verði haldið í skefjum með aðhaldsaðgerðum í peningamálum og að gert verði stórátak í atvinnumálum sem miði að því fyrst og fremst að auka verðmæti framleiðslunnar innan okkar hefðbundnu atvinnugreina, jafnframt því sem aðrir kostir verði skoðaðir.

Mikil aðsókn á sýningu Errós

GEYSILEGUR fjöldi hefur séð sýningu á verkum Errós á Kjarvalstöðum og var tala gesta komin í 23.500 á fimmtudaginn.

Kristín Guðnadóttir safnvörður tjáði Morgunblaðinu að vegna þess mikla mannfjölda sem kæmi að skoða sýninguna um helgar hefði þurft að bæta við starfsfólki á mesta annatímanum.

Sýningin var opnuð þann 16. september og stendur til 22. október næstkomandi. Sagði Kristín að nú væru eftir tvær sýningarhelgar og mætti búast við að sýningargestum ætti enn eftir að fjölga umtalsvert.